

16. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins mánudaginn 30. maí klukkan 20.00

Mætt: Sigurjón, Kári og Gry. Guðjón mætti kl.21.00

Þetta gerðist:

1) Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2) Byrjendamót – gjöf.

Byrjendamótið var haldið laugardaginn 28.maí í umsjón Massa í Njarðvíkum. 12 keppendur tóku þátt og tókst mótið í alla staði vel. 6 dómara tóku verklegt próf á mótinu. Að loknu móti bauð Massi öllum til kaffisamsætis þar sem viðurkenningar voru afhentar. Við það tækifæri afhenti Herbert Eyjólfsson, formaður Massa, Kraftlyftingasambandi Íslands ný Eleiko dómara ljós að gjöf. Sigurjón Péturson veitti gjöfinni viðtöku f.h. Kraft.

Stjórnin lét bóka þakklæti til Massa fyrir að taka að sér og halda byrjendamótið með stuttum fyrirvara og fyrir þessa höfðinglegu gjöf sem mun koma að góðum notum á mótum framtíðarinnar.

Aðgerð: Gry falið að koma þakklæti á framfæri með formlegu bréfi.

3) Dómarapróf

Sex nýir dómara bættust á dómara listann sl.laugardag og fagnaði stjórnin því.

Aðgerð: Gry uppfærir dómara listann. **Kári** gengur frá greiðslu til prófdómara. **Guðjón** hannar skírteini fyrir dómara sambandsins.

4) Alþjóðamót á Íslandi.

a) neikvætt svar hefur borist frá framkvæmdanefnd ÍSí vegna erindis um kraftlyftinga á Smáþjóðaleikana.

b) haldið verður áfram með umsókn um hin móti tvö þ.e.a.s. Norðurlandamót unglunga 2013 og West European Championship 2015.

5) Fjármál

Kári lagði fram yfirlit yfir stöðu fjármála.

Aðgerð: Kári og **Sigurjón** endurskoða og meta fjárhagsáætlun ársins 2011. Málið lagt fyrir næsta stjórnarfund.

6) Mótamál.

Árman hefur ákveðið að halda ekki Reykjavíkurmót í kraftlyftingum í september eins og fyrirhugað var. Stjórnin leggur áherslu á að mótanefnd tryggi að mótshaldarar skuldbindi sig við gerð mótaskrár fyrir næsta tímabil.

Stjórnin ákvað að stefna að tveimur æfingarmótum á næsta ári þar sem dómarapróf gæti farið fram um leið.

Aðgerð: málið vísað til **mótanefndar**. **Gry** gerir drög að samkomulagi við mótshaldara.

Guðjón kom á fundinn.

7) **Landsliðsmál**

Ákveðið er að Fannar Dagbjartsson og Halldór Eyþórsson fari á EM öldunga. Haraldur Gunnar Jónsson fer með og verður skráður aðstoðarmaður að ósk Fannars en ekki verður greitt fyrir för hans. Ekki er búið að græja búninga fyrir unglingsliðið.

Aðgerð: Gry gengur frá skráningu á EM. **Guðjón/Birgir** græja búningamálin. **Sigurjón** setur drög að samkomulagi við landsliðsmenn í Dropbox.

8) **Samstarf um unglingsstarf**

Fjórir drengir og tveir fullorðnir fara ásamt Gry frá stjórn Kraft á unglingsmót í Noregi í júní. Gry upplýsti að unglingslandsliðsþjálfari Noregs, Lars Samnøy, mun halda sérstaka tækniæfingu með hópnum.

9) **Fitness&Health Expo 2011**

Erindi hefur borist frá Hjalta Árnasyni vegna kraftlyftingakeppni á Fitness & Health Expo 2011. Stjórnin ákvað að svara því til að keppnin fari ekki á mótaskrá þessa árs. Samþykki fyrir slíka keppni í ár háð því að farið verið eftir öllum reglum Kraft og IPF. Ákveðið að bera þetta undir laganefnd Kraft til umsagnar.

Aðgerð: **Sigurjón** tekur málið upp við laganefnd og Hjalta.

10) **Agamál**

Eitt agamál tekið fyrir.

Aðgerð: **Guðjóni** falið að ræða við hlutaðeiganda.

11) **Bréf og erindi.**

Tvö bréf hafa borist frá Kraftlyftingadeild Breiðabliks þar sem óskað var eftir afskipti sambandsins. Stjórnin telur ekki tilefni til afskipta.

Aðgerð: **Gry** svarar bréfunum.

12) **Önnur mál**

Engin önnur mál.

13) **Næsti fundur.**

Ákveðið var að halda stjórnarfund miðvikudaginn 8. júní kl. 20.00

Fundi slitið kl. 22.00